



Júlí 2025
Öryggisfjarskipti ehf

Rafstrengur við Laufafell

Fyrirspurn um matsskyldu

Rafstrengur við Laufafell

Fyrirspurn um matsskyldu

Verknúmer

A298603

Útgáfa

01

Útgáfudagur

15.07.2025

Lýsing

Fyrirspurn um matsskyldu

Unnið af

GMG

Rýnir

HE

Samþykkt

HE

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
1.1	Tilgangur og markmið	4
1.2	Framkvæmdin er tilkynningarskyld	4
1.3	Samráð og leyfi	5
2	Framkvæmdalýsing	6
3	Staðhættir	8
3.1	Náttúrufar	8
3.2	Vatnafar og vatnshlot.....	9
3.3	Landslag og áskýnd.....	10
3.4	Verndarsvæði	12
3.5	Samfélag.....	13
3.6	Fornminjar.....	13
4	Skipulagsmál	14
4.1	Aðalskipulag	14
4.2	Deiliskipulag.....	14
4.3	Landsskipulagsstefna 2024-2038	14
5	Mat á umhverfisáhrifum.....	15
5.1	Helstu umhverfispættir	15
6	Niðurstaða	17


1 Inngangur

1.1 Tilgangur og markmið

Á toppi Laufafells að Fjallabaki er ein af fjarskiptastöðvum Neyðarlínunnar. Neyðarlínan rekur fjarskiptastöðina til hagsbóta og öryggis fyrir vegfarendur og aðra ferðalanga á stórum svæðum umhverfis fellið, á Fjallabaki, Laugaveginum og víðar. Í stöðinni eru farsíma- og Tetrasendar.

Neðan fellsins er smávirkjun sem framleiðir orku fyrir fjarskiptastöðina sem flutt er með rafstreng sem liggur austan megin við fellið. Núverandi rafstrengur fer upp á fellið um kletta þar sem grjóthrun er talsvert og skemmdir á strengnum tíðar með tilheyrandi truflunum á fjarskiptabjónustu og viðgerðakostnaði. Öryggisfjarskipti ehf, sem eiga og reka mannvirkin, hyggjast því leggja nýjan rafstreng í jörð í stað þess gamla og tryggja þannig öruggan flutning raforku fyrir fjarskiptastöðina. Um er að ræða lágspennustreng sem er um 2,5 mm að þvermáli. Ný áformuð strengleið yrði vestan megin við fellið, niður öxl á fellinu og með rótum Laufafells en heildarlengd strengsins verða tæpir 4 km.

Landið sem um ræðir er þjóðlenda og afréttarland sem tilheyrir Rangárþingi ytra. Fyrirhuguð framkvæmd er innan afmörkunar Fjallabaks og Emstra, sem er svæði nr. 761 á náttúruminjaskrá yfir aðrar náttúruminjar. Staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar má sjá á mynd 1-1.



Mynd 1-1 Staðsetning fyrirhugaðrar framkvæmdar

1.2 Framkvæmdin er tilkynningarskyld

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. flokki B, sbr. tl. 10.16 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þar segir:

“Lagning loftlína til flutnings raforku, utan þess sem fellur undir tölul. 10.15, með a.m.k. 66 kV spennu. Lagning strengja í jörð, vatn eða sjó sem eru a.m.k. 10 km og utan þéttbýlis, einnig styttri en 10 km ef staðsettir á verndarsvæðum utan þéttbýlis.”

1.3 Samráð og leyfi

Samráð verður haft við Sveitarfélagið Rangárþing ytra m.a. vegna skipulagsmála. Sótt verður um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Haft verður samband við Vegagerðina vegna þverunar Fjallabaksleiðar syðra.

Í þessu fyrirspurnarferli mun Skipulagsstofnun líklega leita umsagnar forsætisráðuneytisins þar sem um er að ræða framkvæmd innan þjóðlendu.

2 Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin felur í sér lagningu rafstrengs í jörð á tæplega 4 km leið frá stöðvarhúsinu við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleið syðri þar sem strengurinn þverar veginn. Þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Fyrirhugaða legu strengsins má sjá á mynd 2-1 en mögulegt er að einhver hliðrun verði á leið strengsins ef aðstæður í umhverfinu kalla á það. Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnsta mögulega raski. Leiðin er jafnframt eina færa leiðin með ökutæki niður fellið. Aðrir hlutar á toppi fellsins eru klettur. Núverandi strengur fer niður kletta en vegna mikils grjóthruns verður hann iðulega fyrir tjóni með tilheyrandi truflunum á fjarskiptapjónustu og viðgerðakostnaði.

Um er að ræða lágspennustreng fyrir allt að 1 kV spennu, um 2,5 cm í þvermál. Strengurinn verður plægður niður með traktorsgröfu og leggst í botn plógfarsins á um eins metra dýpi. Síðan leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið verður slétt. Almennt þarf ekki að laga yfirborðið en ef þörf er á er það gert með hrífu og skóflu. Reynsla Neyðarlínunnar af því að plægja niður strengi sýnir að ef vel er staðið að verki hverfi ummerki fljótlega, sérstaklega þar sem um er að ræða laust yfirborðsefni líkt og sand.

Rasksvæðið takmarkast aðeins við breidd gröfunnar sem gera má ráð fyrir að sé um 2,1-2,4 m. Eftir gröfuna eru óveruleg för sem verða lagfærð eftir þörfum og eiginlegt rask því aðallega plógfarið sjálft. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir heildarrasksvæði sem er u.þ.b. 1 ha. Lögð verður áhersla á að lágmarka allt óþarfa rask og gert er ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á um þremur árum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki um 2 daga og fari fram í september 2025 ef veður leyfir. Rekstrartími strengsins er um 50 ár.

Þegar kemur að Fjallabaksleið syðri verður farið í gegnum veginn en sú framkvæmd tekur um 20 mínútur. Framkvæmdir takmarka því ekki umferð nema í stutta stund. Auk þess er gert ráð fyrir að framkvæmdir fari fram í september þegar lítil umferð er á svæðinu. Haft verður samband við Vegagerðina í tengslum við þverun vegarins.

3 Staðhættir

3.1 Náttúrufar

3.1.1 Vistgerðir og fuglalíf

Vistgerðir á fyrirhugaðri jarðstrengsleið eru aðallega moslendi, melar og sandlendi. Þar sem strengurinn liggur í hlíðum Laufafells einkennist leiðin af skriðum og klettum. Á mynd 3-1 má sjá vistgerðir við fyrirhugaða strengleið samkvæmt gögnum um vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.¹ Í töflu 3-1 má sjá yfirlit yfir vistgerðir og heildarrasksvæði samkvæmt forsendum sem sjá má í kafla 2 auk verndargildis þeirra.

Hafa þarf í huga að ákveðin óvissa felst í því að styðjast við Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar auk þess sem leiðin kann að hliðrast eitthvað aðeins til.


Tafla 3-1 Vistgerðir innan rasksvæðis, byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands

Vistlendi	Vistgerð	Verndargildi	Á lista Bernar-samningsins	Flatarmál m ²	Hlutfall raskaðs svæðis
Moslendi	L5.2 Melagambravist	Miðlungs		3.150	32%
Melar og sandlendi	L1.5 Sanda- og vikravist	Lágt	x	2.325	24%
Skriður og klettur	L3.3 Ljónslappaskriðuvist	Lágt	x	2.075	21%
Melar og sandlendi	L1.1 Eyðimelavist	Lágt		1.275	13%
Moslendi	L5.3 Hraungambravist	Lágt		300	3%
Mólendi	L10.1 Mosamóavist	Lágt		250	3%
Skriður og klettur	L3.1 Urðarskriðuvist	Miðlungs	x	150	2%
Melar og sandlendi	L1.3 Mosamelavist	Lágt		100	1%
Melar og sandlendi	L1.2 Grasmelavist	Lágt		75	1%
Mólendi	L10.3 Starmóavist	Miðlungs		75	1%
Mólendi	L10.9 Víðimóavist	Miðlungs		25	0%

Af þeim vistgerðum sem eru innan rasksvæðis framkvæmdarinnar er melagambravist algengust, eða um 32% af heildarrasksvæði. Verndargildi melagambravistar er miðlungs mikið. Þar á eftir koma sanda- og vikravist og ljónslappaskriðuvist, en verndargildi þeirra er lágt. Þær eru þó á lista Bernarsamningsins.

Svæðið er ekki skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

¹ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Sjá: <https://vistgerdakort.ni.is/>



Mynd 3-1 Vistgerðir á svæðinu, byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands

3.1.2 Jarðfræði

Samkvæmt jarðfræðikorti ÍSOR² og Náttúrufræðistofnunar Íslands³ einkennist fyrirhuguð strengleið af súru gosbergi (tertíer og frá ísöld, eldra en 11.000 ára).

3.2 Vatnafar og vatnshlot

Strengurinn liggur um grunnvatnshlotið Tindafjallajökull – Torfajökull (103-285-G) samkvæmt vatnavefsjá⁴ stjórnar vatnamála. Þá liggur strengurinn meðfram farvegi Laufalækjar þar sem vatnssöfnun á sér stað vegna virkjunarinnar. Um er að ræða straumvatnshlotið Laufalæk (103-782-R). Yfirlit yfir stöðu vatnshlotanna samkvæmt vatnavefsjá eru tekin saman í töflu 3-2.

Tafla 3-2 Vatnshlot á leið rafstrengsins.

Vatnshlot		Umhverfismarkmið			Ástand		Álag
		Magnstaða	Efnafræðilegt	Áhætta	Magnstaða	Efnafræðilegt	
Grunnvatns-hlot	Tindafjallajökull – Torfajökull (103-285-G)	Góð	Gott	Óskilgreint	Óþekkt	Óþekkt	Ekkert skráð
		Vistfræðilegt	Efnafræðilegt	Áhætta	Vistfræðilegt	Efnafræðilegt	
Straumvatns-hlot	Laufalækur (103-782-R)	Mjög gott	Gott	Ekki í hættu	Mjög gott	Óþekkt	Ekkert skráð

² ÍSOR – Jarðfræðikort. Sjá: <https://arcgisserver.isor.is/?lon=-19.00213&lat=65.00348&zoom=7&layers%5B%5D=satellite>

³ Náttúrufræðistofnun – Jarðfræði Íslands. Sjá: <https://jardfraedikort.ni.is/>

⁴ Stjórn Vatnamála – Vatnavefsjá. Sjá: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/mainmap>

3.3 Landslag og ársýnd

Samkvæm Landslagsgreiningu sem unnin var í tengslum við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu⁵ er framkvæmdasvæðið innan svæðis sem flokkast sem virk/ung eldfjallasvæði.

Framkvæmdin liggur innan tveggja svæða sem tilheyra sitt hvorum undirflokknum. Um er að ræða annars vegar litrík háhitasvæði (Torfajökulssvæðið) og hins vegar ungt fjalllendi með nútímahraunum (Hekla og Tindfjöll).

Litrík háhitasvæði eru skilgreind svo: „Mikill jarðhiti, litríkar hæðir og hverir með gufustrókum setja svip sinn á landslagið. Fjölbreytni er mikil með skörpum andstæðum. Byggð er lítil innan svæða en þau eru vinsælir ferðamannastaðir og orkuvinnslusvæði“. Um landslag Torfajökulssvæðisins stendur í skýrslunni:

4.1.5 Torfajökulssvæðið: Fjallendi umhverfis og norðan Torfajökuls í 500 til 1.300 m hæð yfir sjávarmáli. Einkennandi eru líparíttfjöll auk móbergsfjalla og -hryggja með skriðulum hlíðum og giljum. Víða eru fannir og smájöklar í fjallstoppum. Yfirborð er gul-, græn- og rauðleitt vegna jarðhita og gufustrókar liðast upp frá hverum. Á láglandi eru nýleg hraun, vikursléttur og melar en hæðir eru víða mosagrónar. Jökulár renna í giljum og á grýttum áreyrum sem eru þurrar mestan part ársins. Eitthvað er af minni ám og lækjum auk stöku vatna. Engin byggð er á svæðinu utan fjallaskála. Svæðið er mjög vinsælt til útivistar og þar liggja göngueiðir, auk vegslóða.

Ungt fjalllendi með nútímahraunum er skilgreint svo: „Ung hraun og fjallendi á virka eldstöðvabeltinu. Þar er að finna móbergsfjöll eða stapa með hraunum og grýttum eða sendnum flóðasléttum í lægðum. Gróður er gisinn, aðallega mosi eða gras. Byggð er lítil.“ Um landslag Heklu og Tindfjallasvæðisins stendur í skýrslunni:

4.2.7 Hekla og Tindfjöll: Hálendi og hálendisjaðar norðan Mýrdalsjökuls í 300 til 1.500 m hæð yfir sjávarmáli. Fjöll og hryggir standa upp úr flötu eða hæðóttu landi. Hæst rísa Hekla og Tindfjallajökull, eldkeila með smájökli. Á yfirborði eru hraun, melar, sandar og vikur. Hraun eru mestu ógróin, en verða grónari þegar neðar dregur í landi. Á stórum hluta svæðisins er rof mikið. Nyrst á svæðinu er fjölda vatna auk minni áa sem renna um sanda. Einnig renna nokkrar jökulár frá Mýrdalsjökli. Þess utan er svæðið mjög þurrt. Svæðið er að stærstum hluta óbyggt, aðeins er byggð í vesturjaðri þess. Svæðið er talsvert nýtt til útivistar.

Myndir 3-2 og 3-3 sýna svæðið þar sem strengurinn mun koma til með að liggja um.

⁵ Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae og Sam Oxley. 2020. "Landslag á Íslandi: Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landvísu". EFLA og Land USe Consultants.



Mynd 3-2 Myndin er tekin neðan við Laufafell í vesturátt. Strengurinn mun liggja niður öxl á fellinu og þaðan niður hlíðina á svæði sem sjá má handan við snjóskaflinn. Þaðan liggur strengurinn neðan skafsins meðfram Laufahrauni og Laufalæk.



Mynd 3-3 Myndin er tekin neðan við Laufafell í austurátt. Strengurinn mun liggja við rætur fellsins meðfram Laufalæk og þaðan meðfram Fjallabaksleið syðri. Á myndinni má sjá vatnsmiðlun smávirkjunarinnar.

3.4 Verndarsvæði

Landið sem um ræðir er þjóðlenda og afréttarland sem tilheyrir Rangárþingi ytra. Fyrirhuguð framkvæmd er innan afmörkunar svæðis sem nefnist Emstrur og Fjallabak og er á náttúruminjasrá yfir aðrar náttúrminjar.

761. Emstrur og Fjallabak, Rangárvallasýslu, V-Skaftafellssýslu. (1) Landsvæðið á milli svæðis nr. 730, og Friðlands að Fjallabaki annars vegar og Þórsmörkur og Mýrdalsjökuls hins vegar. Til vesturs ræður lína úr Jökulöldum um Þórólfsfell og Smáfjöll í Vondubjalla. Til austurs og norðurs ræður lína úr Öldufelli um Svartafell í Svartahnúk og þaðan í Torfajökul. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.

Fyrirhuguð framkvæmd er utan friðlandsins Friðland að fjallabaki. Þá mun strengurinn ekki þvera vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Strengurinn mun liggja rétt utan við Laufahraun að hluta sem flokkast sem eldhraun á nútíma sem nýtur sérstakrar verndar. Leitast verður eftir því að koma í veg fyrir rask á hrauninu. Þá mun strengurinn liggja nærri Laufavatni sem tilheyrir flokknum stöðuvatn og tjarnir stærri en 1.000 m². Sjá legu fyrirhugaðs strengs á mynd 2-1.

Engin vatnsverndarsvæði eða vatnsból eru innan rasksvæðis framkvæmda. Þá er ekki um að ræða svæði sem falla undir ákvæði hverfisverndar.

3.5 Samfélag

Svæðin í næsta nágrenni, Torfajökulssvæðið og Hekla og Tindfjallasvæðið eru talsvert nýtt til útivistar. Þá liggur fyrirhugaður strengur að hluta til meðfram Fjallabaksleið syðri en einnig er reiðleið á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi. Vegurinn er bílfær yfir sumartímann.

Neyðarlínan rekur fjarskiptastöðina til hagsbóta og öryggis fyrir vegfarendur og aðra ferðalanga á stórum svæðum umhverfis fellið, á Fjallabaki, Laugaveginum og víðar. Nýr strengur gegnir mikilvægu hlutverki í því að tryggja öruggan flutning raforku fyrir starfsemi stöðvarinnar.

3.6 Fornminjar

Samkvæmt minjavefsjá⁶ eru engar friðlýstar eða friðaðar fornleifar á eða í grennd við fyrirhugaða strengleið.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

⁶ Minjastofnun Íslands – Menningarminjar: Sjá:
<https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun>

4 Skipulagsmál

4.1 Aðalskipulag

Svæðið er innan hálendismarka og er landnotkun skilgreind sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028⁷.

Eitt af meginmarkmiðum í gildandi aðalskipulagi er að stuðla að betri samgöngum og fjarskiptum.

Í stefnumörkun á hálendi kemur eftirfarandi fram: „Stefnt er að bættu öryggi á hálendisvæðum sveitarfélagsins“. Ein af þeim leiðum sem taldar eru upp er að: unnið verði að bættu fjarskipta-sambandi á hálendinu.

Þá kemur einnig fram: „Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins, sérstaklega á þeim svæðum sem hafa mikið náttúrufarsgildi“ og „Raskist gróíð land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp“.

Í kafla um fjarskipti í greinargerð aðalskipulags stendur um stefnu sveitarfélagsins: „Tryggt verði fjarskiptasamband á helstu vegum og ferðamannasvæðum í byggð og á hálendinu“.

Í kafla um rafveitu kemur fram að lagning strengja 33 kV eða minni skuli tilkynnt til skipulagsfulltrúa og skuli framkvæmdin unnin í samráði við umráðahafa lands. Einungis þarf að sýna strengi 66 kV eða stærri á skipulagsuppdráttum.

4.2 Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta af svæðinu sem unnið var vegna smávirkjunarinnar og var samþykkt í maí 2014⁸. Breyta þarf orðalagi í gildandi deiliskipulagi með tilliti til þessarar framkvæmdar.

4.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna 2024-2038⁹ felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir allt landið, haf- og strandsvæði. Framtíðarsýn stefnunnar leggur áherslu á að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun, lífsgæðum fólks, styðji samkeppnishæfni, sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart umhverfis- og samfélagsbreytingum. Þrjú markmið sem öll byggja á sjálfbærri þróun eru lögð til grundvallar í landsskipulagsstefnu: markmið um vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélags og samkeppnishæft atvinnulíf.

Ein af áherslum markmiðsins um velsæld samfélags (Áhersla B.5) í stefnu um skipulag á miðhálendi er að skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veituvinnviðum sem tryggja örugga afhendingu orku. Til að framfylgja því markmiði skal skipulag gefa kost á uppbyggingu fjarskiptamannvirkja til að tryggja örugg fjarskipti, um leið og gætt verði að áhrifum á náttúru og landslag. Skipulagsákvæðanir um fjarskiptamannvirki geri kleift að byggja upp traust fjarskiptakerfi og taki mið af landsskipulagsstefnu um víðerni og náttúru miðhálendisins.

⁷ Rangárþing ytra. Aðalskipulag 2016-2028 – Greinargerð. Sjá:

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=11637063816505232118>

⁸ Deiliskipulag fyrir smávirkjun við Laufafell. Sjá:

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=20635388686174716684>

⁹ Landsskipulagsstefna 2024-2038 – Ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Sjá:

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2mchjCT1xLmXITZJQrit1n/e7715522411d22b7fcdf4918dcb4408e/Landsskipulagsstefna_24-38_%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf

5 Mat á umhverfisáhrifum

5.1 Helstu umhverfispættir

Ekki er um umfangsmikla framkvæmd að ræða þar sem strengurinn verður plægður í jörðu. Þá er ekki þörf á slóðagerð eða efnistöku vegna framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á um þremur árum.

Þeir umhverfispættir sem talið er að orðið geti fyrir áhrifum vegna framkvæmda eru eftirfarandi:

- Náttúrufar
- Jarðfræði
- Vatnafar
- Ásýnd
- Hljóðvist og umferð
- Samfélag

Hér á eftir er lýsing á hugsanlegum áhrifum á hvern umhverfispátt fyrir sig.

5.1.1 Náttúrufar

Innan framkvæmdasvæðisins má finna vistgerðir með lágt og miðlungs verndargildi, þá má finna þrjár vistgerðir á lista Bernarsamningsins. Í ljósi þess að ekki er um stórt svæði eða umfangsmikla framkvæmd að ræða eru áhrif á vistgerðir metin óveruleg.

Þar sem ekki er um mikilvægt fuglasvæði að ræða eru áhrif á fugla metin óveruleg.

5.1.2 Jarðfræði

Jarðrask vegna framkvæmdarinnar á sér stað á framkvæmdatíma. Eiginlegt rask á aðallega við um plógfarið en heildarumfang raskaðs svæðis takmarkast við breidd gröfunnar sem gera má ráð fyrir að sé um 2,1-2,4 m sem gerir um 1 ha heildar rask. Í ljósi þess um er að ræða óveruleg för og að ekkert rask verði á hrauni eru áhrif á jarðminjar metin óveruleg.

5.1.3 Vatnafar

Áhrifa á vatnafar gæti gætt á framkvæmdatíma en með góðu verklagi ættu áhrif að vera óveruleg.

Helstu áhættupættir felast í losun olíumengandi efna frá gröfu. Með skýru verklagi og góðum frágangi telur framkvæmdaraðili að ekki sé hætt á að hnignun verði á ástandi vatnshlota og að umhverfismarkmið þeirra náist ekki. Ekki sé þörf á áhrifamati vatnshlota vegna þess að um sé að ræða framkvæmd sem valdi óverulegum inngrípum.

5.1.4 Ásýnd

Ásýndaráhrif munu helst vara á framkvæmdatíma. Með því að halda raski í lágmarki og með vönduðum frágangi eiga áhrif á ásýnd á rekstrartíma að vera óveruleg. Gert er ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á um þremur árum.

5.1.5 Hljóðvist

Hljóð og annað ónæði mun einungis vara tímabundið á framkvæmdatíma, en gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki 2 daga. Áhrif á hljóðvist eru því metin óveruleg.

5.1.6 Samfélag

Jákvæðra áhrifa mun gæta á rekstrartíma en Neyðarlínan rekur fjarskiptastöðina til hagsbóta og öryggis fyrir vegfarendur og aðra ferðalanga á stórum svæðum umhverfis fellið, á Fjallabaki, Laugaveginum og víðar. Nýr strengur gegnir mikilvægu hlutverki í því að tryggja öruggan flutning raforku fyrir starfsemi stöðvarinnar. Áhrif á samfélag eru því metin verulega jákvæð.

Þvera þarf Fjallabaksleið syðri en sú framkvæmd tekur um 20 mínútur. Framkvæmdir takmarka því ekki almenna umferð nema í stutta stund. Auk þess er gert ráð fyrir að framkvæmdir fari fram í september þegar lítil umferð er á svæðinu.

6 Niðurstaða

Í samræmi við viðmið sem sett eru fram í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana telur framkvæmdaraðili að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og skuli því ekki vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Ekki er talin ástæða til þess að leggja til sérstakar mótvægisáðgerðir til þess að draga úr áhrifum. Í samræmi við ofangreint og umfjöllun í þessari greinargerð eru helstu röksemdir eftirfarandi:

Eðli framkvæmdar

Áformað er að leggja rafstreng frá stöðvarhúsi við Laufafell í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Strengurinn verður plægður í jörðina en um er að ræða tæplega 4 km langa leið og gert er ráð fyrir að rasksvæði sé um 2,1-2,4m að breidd. Heildarumfang raskaðs svæðis er því um 1 ha. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi yfir í um 2 daga en rekstrartími er um 50 ár.

Framkvæmdin er að mestu afturkræf, þ.e. áhrifa hennar myndi gæta lítið sem ekkert ef strengurinn yrði fjarlægður. Gera má ráð fyrir sambærilegum umhverfisáhrifum á framkvæmdatíma og þegar strengurinn yrði fjarlægður.

Staðsetning framkvæmdar

Svæðið er skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Rangárpings ytra 2016-2028. Svæðið er talsvert nýtt til útivistar.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan afmörkunar Fjallabaks og Emstra, sem er svæði nr. 761 á náttúru-minjaskrá yfir aðrar náttúru-minjar. Engar skráðar fornleifar eða önnur viðkvæm svæði sem þarf að forðast að vera innan og/eða raska verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda. Innan framkvæmdasvæðisins má finna vistgerðir með lágt og miðlungs verndargildi, þá má finna vistgerðir á lista Bernarsamningsins.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar eru metin óveruleg og gæta þá helst á framkvæmdatíma við lagningu strengsins. Um er að ræða tímabundin áhrif. Áætlað er að ummerki á svæðinu hverfi eftir u.þ.b. þrjú ár.